

Fundur í skólaráði Áslandsskóla

7. maí 2015

Fundur hófst kl. 8:15

Fundarstaður: Áslandsskóli

Fundarstjóri: Leifur S. Garðarsson

Fundarritari: Unnur Elfa Guðmundsdóttir

Mættir: Leifur S. Garðarsson skólastjóri, Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Díana Ívarsdóttir og Jónína Dögg Loftsdóttir fulltrúar kennara, Dagbjört Ómarsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Harpa Dís Jónsdóttir og Kristín Dögg Höskuldsdóttir fulltrúar foreldra, Hekla Sóley Arnarsdóttir fulltrúi nemenda.

1. Skipulag næsta skólaárs. Farið yfir helstu atriði varðandi næsta skólaár.
2. Bekkjarsjóður. Umræður um nýtt fyrirkomulag fyrir næsta vetur varðandi bekkjarsjóð, hafa lágmark og hámark í sjóðinn sem myndi greiðast 2x á ári. Gera upp sjóðinn að vori og hafa bókhald um hvað bekkjarsjóðurinn fór í yfir veturinn hjá hverjum bekk.
3. Ferðir nemenda. Umræður og fyrirspurnir.
4. Skólaföt. Tillaga um að skrifa í Flórgoðann að hægt sé að koma með notuð föt hingað í skólann, ekki gefa í Rauða Krossinn þar sem þau eru merkt.
5. Húsnæðismál. Það vantar ennþá íþróttahús við skólann. Næsti vetur er í undirbúningi
6. Vorhátíð 13. maí. Auglýsing send út með fjölbreyttri dagskrá.
7. Aðalfundur foreldrafélagsins verður 26. ágúst 2015.
8. Önnur mál  
Hljóðkerfi. Fulltrúar kennara biðluðu til foreldrafélagsins um styrk til að kaupa hljóðkerfi í skólann. Það er mikið um sýningar og annað á sal skólans allt skólaárið og mikilvægt að eiga gott hljóðkerfi. Fulltrúar foreldra fara með beiðnina á fund foreldrafélagsins.  
Marita fræðsla. Fyrirspurn frá fulltrúum foreldra hvers vegna þessi fræðsla féll niður á þessu skólaári. Það var vegna tímaskorts og fræðslan verður næsta haust.  
Vanda Sigurgeirs, fyrirlestur um einelti, stefnt er á að verði einnig næsta haust fyrir starfsfólk.  
Umræður um fyrirlestur sem var í nokkrum skólum nú á vordögum um netnotkun. Ákveðið að skoða það fyrir næsta vetur.

Ekki fleira tekið fyrir

Fundi slitið kl. 9:25